

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Vegna ársins 2024

Vörður tryggingar hf.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu
vegna ársins 2024

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu

Vörður tryggingar hf.

Efnisyfirlit

Samantekt	1
A. Rekstur og afkoma félagsins.....	2
A.1 Rekstur félagsins.....	2
A.2 Afkoma af vátryggingastarfsemi.....	2
A.3 Fjárfestingar	4
A.4 Annar rekstur.....	5
A.5 Aðrar upplýsingar	5
B. Stjórnkerfi Varðar	7
B.1 Almenn yfirlit um stjórnkerfið	7
B.2 Kröfur um hæfi og hæfni	11
B.3 Áhættustýring og eigið áhættu- og gjaldþolsmat	12
B.4 Innra eftirlit	13
B.5 Innri endurskoðun	14
B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings	14
B.7 Útvistun.....	14
B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi.....	15
C. Áhættusnið	16
C.1 Vátryggingaáhætta	16
C.2 Markaðsáhætta	18
C.3 Mótaðilaáhætta.....	19
C.4 Lausafjáráhætta	19
C.5 Rekstraráhætta	20
C.6 Aðrar mikilvægar áhættur.....	21
C.7 Aðrar upplýsingar	21
D. Virði og verðmat skv. gjaldþolsmati	22
D.1 Eignir	22
D.2 Vátryggingaskuld	23
D.3 Aðrar skuldbindingar	27
D.4 Aðrar verðmatsaðferðir	27
D.5 Aðrar upplýsingar	27

E. Eiginfjárstýring	28
E.1 Gjaldþol	28
E.2 Gjaldþolskrafa og lágmarksgjaldþol.....	30
E.3 Notkun á undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma	30
E.4 Mismunur milli staðalreglunnar og sérhvers eigin líkans sem notað er	30
E.5 Vanefndir við að hlíta kröfu um lágmarksfjármagn eða á gjaldþolskröfu	31
E.6 Aðrar upplýsingar	31

Samantekt

Vörður tryggingar hf. er alhliða váttryggingafélag á sviði skaðatrygginga og Vörður líftryggingar hf. er alhliða félag á sviði líf- og heilsutrygginga. Félögin hafa að markmiði að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum váttryggingavernd á samkeppnishæfu verði og veita framúrskarandi þjónustu. Áhersla er lögð á einfalda og þægilega váttryggingaþjónustu með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi.

Vörður tryggingar hf. (hér eftir „Vörður“ eða „félagið“) hefur tekið saman þessa skýrslu um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samræmi við lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Í skýrslunni er fjallað um rekstur og afkomu, stjórnkerfi, áhættusnið, mat eigna og skuldbindinga og eiginfjárstýringu samstæðu Varðar. Skýrslan miðast við áramótastöðu 31. desember 2024 og reikningsskilatímabilið 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Vörður líftryggingar hf. er dótturfélag Varðar og er daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Stjórnskipulag Varðar líftrygginga endurspeglar því í stjórnskipulagi Varðar. Í skýrslunni er fjallað um samstæðu Varðar trygginga (hér eftir „samstæðunar“ eða „samstæðu Varðar“) þar sem við á, auk umfjöllunar um hvort félag fyrir sig þar sem þurfa þykir.

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðunnar og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 3.675 millj. kr. og nam arðsemi eigin fjár 30,8%.

Samanburður milli afkomu árána 2024 og 2023 sýnir mikinn afkomubata í bæði váttrygginga- og fjárfestingastarfsemi. Vöxtur tekna af váttryggingasamningum nam 11% á árinu og markaðshlutdeild nam 19,1%. Tjónaþróun í stærstu greinum var jákvæð, þrátt fyrir tvö stór brunatjón og þátttaka endurtryggjenda í tjónum var óvenju mikil á árinu vegna fyrrnefndra brunatjóna.

Viðskiptavinir voru orðnir 69 þús. talsins í árslok, þar af um 7 þús. fyrirtæki.

Þann 31. desember 2024 námu heildareignir samstæðunnar 38.855 millj. kr. Eigið fé í árslok 2024 nam 13.779 millj. kr. og eiginfjárlutfall samstæðunnar var 35,5%.

Vörður reiknar gjaldþolskröfu í samræmi við staðalreglu Solvency II. Gjaldþolskrafa samstæðunnar nam 9.347 millj. kr. í árslok 2024. Gjaldþol samstæðunnar til þess að uppfylla gjaldþolskröfu nam 15.790 millj. kr., sem jafngildir 169% af gjaldþolskröfu.

A. Rekstur og afkoma félagsins

A.1 Rekstur félagsins

Vörður starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Félagið hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi á Íslandi og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 5, Reykjavík. Váttryggingafélag telst eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun sem og ársreikningalaga nr. 3/2006.

Endurskoðendur ársreiknings 2024 voru Deloitte ehf., Dalvegi 30, Kópavogi, samkvæmt ákvörðun aðalfundar í mars 2024.

Vörður er í eigu Arion banka hf. sem á allt hlutafé félagsins utan einn hlut sem er í eigu Varðar líftrygginga hf.

Vörður er móðurfélag Varðar líftrygginga og á allt útgefið hlutafé í félaginu utan tvo hluti sem eru í eigu Arion banka. Bæði félögin, Vörður og Vörður líftryggingar, hafa sjálfstæða stjórn en dagleg starfsemi líftryggingafélagsins er í umsjón Varðar samkvæmt sérstökum útivistunarsamningi og nær þjónustan til allra þátta í rekstri Varðar líftrygginga, þar á meðal lykilstarfsviða skv. Solvency II og innra eftirlits.

Starfsemi Varðar er eingöngu á Íslandi og er aðsetur félagsins í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Aðalstarfsemi Varðar felst í váttryggingastarfsemi og fjárfestingum en félagið býður váttryggingar fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki.

Eftirfarandi þættir eru megin starfsþættir í rekstri samstæðu Varðar:

- Skaðatryggingar
- Líftryggingar
- Fjármálastarfsemi

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 3.675 millj. kr. og nam arðsemi eigin fjár 30,8%.

Í árslok 2024 starfaði 71 einstaklingur í 66,8 stöðugildum samanbórið við 58 einstaklinga í 48,7 stöðugildum í árslok 2023.

A.2 Afkoma af váttryggingastarfsemi

Váttryggingatekjur samstæðu Varðar á árinu 2024 námu 19.692 millj. kr. á reikningsárinu og kostnaður af váttryggingasamningum nam 13.724 millj. kr. Rekstrarkostnaður nam 3.749 millj. kr. og afkoma af endurtryggingasamningum nam 30,6 millj. kr. Þannig var afkoma af váttryggingastarsemi jákvæð um 2.189 millj. kr. á árinu 2024 samanbórið við 538 millj. kr. jákvæða afkomu árið áður.

Samanburður milli afkomu áranna 2024 og 2023 sýnir mikinn afkomubata í váttryggingastarfseminni. Vöxtur tekna af váttryggingasamningum nam 11% á árinu og markaðshlutdeild félagsins hélt áfram að styrkjast eins og undanfarin ár og reyndist 19,1%. Viðskiptavinir voru orðnir 69 þús. talsins í árslok, þar af um 7 þús. fyrirtæki. Tjónaþróun í stærstu greinum var jákvæð þrátt

fyrir tvö stór brunatjón og þátttaka endurtryggjenda í tjónum var óvenju mikil á árinu vegna fyrrnefndra brunatjóna. Afkoma af váttryggingastarfsemi nam 2.189 millj. kr.

Eftirfarandi tafla sýnir afkomu helstu greina samstæðunnar fyrir árið 2024 í þús. kr.:

2024	Lögboðnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Eigna- tryggingar	Slysa- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Skipa- tryggingar	Líf- og heilsu- tryggingar	Samtals
Váttryggingatekjur	7.307.773	3.094.491	3.620.086	1.798.745	892.930	155.645	2.822.723	19.692.392
Tjón	(4.612.642)	(2.736.738)	(3.157.506)	(1.392.056)	(458.755)	(88.863)	(1.277.230)	(13.723.790)
Rekstrarkostnaður	(1.201.051)	(498.663)	(733.007)	(397.809)	(148.411)	(20.602)	(749.435)	(3.748.978)
Afkoma af endurtryggingarsamn.	(71.328)	(3.048)	142.449	(28.690)	(58.065)	(25.437)	13.495	(30.624)
Afkoma af váttryggingastarfsemi	1.422.753	(143.959)	(127.979)	(19.811)	227.700	20.742	809.553	2.188.999

Sambærilegar tölur fyrir árið 2023 má sjá í eftirfarandi töflu í þús. kr.:

2023	Lögboðnar ökutækja- tryggingar	Frjálsar ökutækja- tryggingar	Eigna- tryggingar	Slysa- tryggingar	Ábyrgðar- tryggingar	Skipa- tryggingar	Líf- og heilsu- tryggingar	Samtals
Váttryggingatekjur	6.750.042	2.678.641	3.257.949	1.693.732	793.191	132.383	2.496.362	17.802.301
Tjón	(4.635.230)	(2.927.691)	(2.840.629)	(1.377.287)	(474.326)	(145.643)	(915.175)	(13.315.982)
Rekstrarkostnaður	(1.174.425)	(447.582)	(654.060)	(299.530)	(148.348)	(18.285)	(668.747)	(3.410.976)
Afkoma af endurtryggingarsamn.	(66.348)	5.660	(258.741)	(34.068)	(52.338)	(27.451)	(103.948)	(537.235)
Afkoma af váttryggingastarfsemi	874.039	(690.972)	(495.481)	(17.153)	118.179	(58.997)	808.493	538.108

Skaðatryggingarekstur


Váttryggingatekjur ársins í skaðatryggingum jukust um 10,2% á árinu og jókst hlutur fyrirtækja í stofni félagsins um tæpt prósentustig.

Afkoma allra greina batnaði milli ára. Tjónahlutfall ársins var 73,8% samanborið við 81% á árinu 2023. Kostnaðarhlutfall lækkaði úr 17,9% í 17,8% og samsett hlutfall lækkaði úr 98,9% í 91,6%.

Líftryggingarekstur

Líftryggingareksturinn var heldur tjónaþyngri en í meðalári. Tekjuvöxtur var umfram áætlun og í fyrsta sinn í mörg ár umfram vöxt markaðarins. Tjónahlutfallið var 45,2% samanborið við 36,7% á fyrra ári. Kostnaðarhlutfall lækkaði úr 26,8% í 26,6% og samsett hlutfall var 71,3% á móti 67,6% árið áður.

Á mynd hér að neðan má sjá samsett hlutfall helstu greina 2023 og 2024.



A.3 Fjárfestingar

Fjárfestingatekjur Varðar á árinu 2024 námu 3.563 millj. kr. samanborið við 1.377 millj. kr. árið áður. Kostnaður af fjárfestingastarfsemi Varðar var 196 millj. kr. samanborið við 173 millj. kr. árið 2023. Nettó fjárfestingatekjur Varðar á árinu 2024 námu þannig 3.367 millj. kr. samanborið við 1.204 millj. kr. árið 2023.

Stýringu fjárfestinga félagsins er útviðað í heild til eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka. Þóknarir vegna útivistunar eignastýringar eru tengdar virði eigna í stýringu og óháð samsetningu eignaflokka. Kostnaður af fjárfestingastarfsemi er ekki sundurgreindur eftir eignaflokkum í fjárhag félagsins en dregst frá brúttó fjárfestingatekjum til þess að sýna nettó fjárfestingatekjur félagsins.

Fjárfestingatekjur Varðar eftir eignaflokkum eru sundurliðaðar niður á eignaflokka í meðfylgjandi töflum í þús. kr.:

Fjárfestingatekjur 2024	Skulda- bréf	Hlutabréf	Hlut- deildar- skirteini	Innlán	Aðrar fjárfest- ingar	Samtals
Gangvirðisbreytingar	845.650	1.099.097	418.007	0	-2.322	2.360.432
Vextir, verðbætur og arður	1.087.829	91.021	0	23.658	0	1.202.508
Fjárfestingatekjur samtals	1.933.479	1.190.118	418.007	23.658	-2.322	3.562.939
Kostnaður af fjárfestingastarfsemi						-195.512
Nettó fjárfestingatekjur						3.367.427

Fjárfestingatekjur 2023	Skulda- bréf	Hlutabréf	Hlut- deildar- skirteini	Innlán	Aðrar fjárfest- ingar	Samtals
Gangvirðisbreytingar	339.889	46.811	-55.581	0	-1.047	330.071
Vextir, verðbætur og arður	947.007	78.627	0	21.200	0	1.046.834
Fjárfestingatekjur samtals	1.286.896	125.438	-55.581	21.200	-1.047	1.376.905
Kostnaður af fjárfestingastarfsemi						-172.695
Nettó fjárfestingatekjur						1.204.209

Aðrar fjáreignatekjur og fjármagnsliðir Varðar samanstanda af vaxtatekjum og gengismun, vaxtagjöldum af vaxtaberandi skuldum auk fjármagnsliðum váttrygginga og endurtrygginga, sem sundurliðast eins og hér er sýnt í þús. kr.:

Fjáreignatekjur og fjármagnsliðir	2024	2023
Fjárfestingatekjur	3.562.939	1.376.905
Vaxtatekjur og gengismunur	1.292	13.634
Vaxtagjöld	-108.867	-138.139
Kostnaður af fjárfestingastarfsemi	-195.512	-172.695
Hreinar fjáreignatekjur	3.259.852	1.079.705
Fjármagnsliðir váttrygginga	-1.081.410	-621.466
Fjármagnsliðir endurtrygginga	18.359	14.857
Afkoma fjármagnsliða trygginga	-1.063.051	-606.609
Fjármálastarfsemi samtals	2.196.801	473.096

Hagnaður af fjármálastarfsemi Varðar árið 2024 nam um 2.197 millj. kr. samanborið við 473 millj. kr. á árinu 2023.

A.4 Annar rekstur

Félagið stundar enga aðra meiriháttar starfsemi en váttrygginga- og fjármálarekstur.

A.5 Aðrar upplýsingar

Markmið Varðar er að rekstur þess sé til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi og er ekki eingöngu horft til fjárhagslegra markmiða sem tengjast arðsemi og hagkvæmni, heldur einnig til umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnhátta.

Það er stefna Varðar að vinna að heilindum að sjálfbærnimálum og stuðla að jákvæðum áhrifum á hagaðila. Lögð er áhersla á að greina og lágmarka bein og óbein áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag og styðja við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Vörður hefur valið að leggja áherslu á eftirfarandi af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna þar sem þau eiga best við kjarnastarfsemi félagsins.

Heimsmarkmið númer 3 - Heilsa og vellíðan. Með öflugum forvörnum eru viðskiptavinir Varðar og almenningur hvattir til að huga að heilsu sinni og vellíðan. Undirmarkmið 3.6 felur í sér að fækka slysum í umferðinni.

Heimsmarkmið númer 5 - Jafnrétti kynjanna. Jafnrétti er félaginu hjartans mál og mun Vörður halda áfram að vera talsmaður jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins. Undirmarkmið 5.1 felur í sér að öll mismunum verði afnumin alls staðar.

Heimsmarkmið númer 8 - Góð atvinna og hagvöxtur. Vörður leggur atvinnulífinu lið með öflugum forvörnum sem tryggja góðar undirstöður atvinnu og hagvaxtar. Undirmarkmið 8.8 felur í sér að stuðla að öruggu og tryggu vinnuumhverfi fyrir allt launafólk.

Heimsmarkmið númer 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla. Vörður leggur áherslu á sjálfbærni í daglegum rekstri og hefur jafnframt áhrif á birgja sína í gegnum birgjamat. Undirmarkmið 12.6 felur í sér hvatningu um sjálfbæra starfsemi og skýrslugjöf. Vörður setur markmið og birtir árangur hvað varðar þá þætti sem félagið hefur mest áhrif á með starfsemi sinni, svo sem forvarnir, tjónaviðgerðir og knýjandi samfélagsleg málefni hverju sinni.

Árlega er gefin út sjálfbærnisráðgjafir sem unnin er samkvæmt UFS viðmiðum Nasdaq Iceland auk þess sem útreikningar loftslagsáhrifa eru reiknaðir af þriðja aðila í samræmi við aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Skýrslan er birt á heimasíðu Varðar og er útdráttur helstu þátta tekinn saman í ársskýrslu. Félagið setur sér mælanleg markmið í þeim tilgangi að fylgja eftir framkvæmd stefnunnar og draga úr neikvæðum áhrifum.

Vörður hefur um árabil lagt áherslu á að byggja upp fyrirmyndarvinnustað þar sem horft er til þess að tryggja jöfn tækifæri allra til ábyrgðar, þroska og launa. Lögð er áhersla á að hlúa vel að heilsu og vellíðan starfsfólks, bjóða upp á uppbyggilegt og framsækið vinnuumhverfi ásamt því að stuðla að starfsánægju og velsæld allra.

Stefnumótun til næstu ára byggir á þeirri sýn að Vörður verði besti kostur viðskiptavina þegar kemur að vörum og þjónustu á tryggingamarkaði. Lykilþættir í stefnunni eru framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinina, vöruval sem mætir þörfum þeirra, sanngjörn verðlagning og forvarnir, sem er afar mikilvægt samfélagsmál. Með innri mælingum er reglulega fylgst með ánægju viðskiptavina og brugðist við ábendingum sem fram koma.

B. Stjórnkerfi Varðar

B.1 Almennt yfirlit um stjórnkerfið

Lýsing á stjórnkerfi félagsins

Stjórnkerfi og skipulag Varðar tekur mið af lögum um váttryggingastarfsemi og hlutafélög. Vörður fylgir leiðbeiningum Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnarháttum Varðar er lýst í stjórnarháttayfirlýsingu, sem birt er á vefsíðu félagsins.

Eins og kveðið er á um í lögum um hlutafélög og samþykktum Varðar fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum félagsins en þar fara hluthafar með ákvörðunarvald. Arion banki er aðalhluthafi Varðar og fer bankinn með atkvæðavald í samræmi við eignarhlut sinn sem eru allir hlutir utan einn. Vörður er aðalhluthafi Varðar líftrygginga og fer með atkvæðavald í samræmi við sinn eignarhlut í félaginu sem eru allir hlutir utan tveir. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok mars ár hvert samkvæmt samþykktum þar sem stjórn er kjörin fyrir komandi starfsár.

Stjórnkerfi Varðar er byggt upp á stjórn, forstjóra, fjórum framkvæmdastjórum, fjárfestingaráði, rekstraráættunefnd, váttrygginganefnd, sjálfbærninefnd og lykilstarfssviðum, þ.e. áhættu-
stýringu, tryggingastærðfræðingi og regluvörslu. Hlutverki regluvörslu, persónuverndarfulltrúa og innri endurskoðun er útvistað til Arion banka. Auk þess er í gildi útvistunarsamningur við Arion banka um þjónustu við Vörð á ýmsum sviðum.

Undirnefndir stjórnar eru endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Forstjóri og framkvæmdastjórar skipa framkvæmdastjórn sem ber ábyrgð á stefnu, sýn og heildarstarfsemi félagsins. Verkefni innan sviða skiptast svo niður á deildir og innan þeirra starfa teymi að einstökum verkefnum.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu ábyrgðarpáttum hvers sviðs og uppbyggingu þeirra.

Skipurit félagsins 2024:



Stjórn

Helstu verkefni stjórnar, verkaskipting og ábyrgð eru skilgreind í starfsreglum stjórnar sem eru aðgengilegar á vefsíðu Varðar, en þær byggja á leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórn fer með æðstu málefni félagsins á milli hluthafafunda, með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum og reglum þess. Stjórn, í samstarfi við framkvæmdastjórn félagsins, markar félaginu stefnu, setur markmið og skilgreinir áhættuviðmið, bæði til skemmri og lengri tíma. Upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnarhætti almennt má finna í stjórnarháttayfirlýsingu félagsins.

Hlutverk stjórnar er að hafa almennt eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu þess, lög og samþykktir. Stjórnin hefur eftirlit með rekstri og ráðstöfun fjármuna og að til staðar sé skilvirkt innra eftirlit og áhættustýring. Stjórn skal tryggja að viðmiðum og lágmarkskröfum um gjaldþol sé ævinlega fylgt og að útreikningar á gjaldþoli sé viðeigandi fyrir félagið og niðurstöður gjaldþolsútreikninga séu nýttar í rekstrinum. Þá ber stjórnin jafnframt ábyrgð á því að til staðar sé skýr stefna fyrir félagið, að hún sé þekkt og innleidd í starfsemina alla.

Starfsárið 2024-2025 var stjórn Varðar trygginga skipuð fimm einstaklingum sem kjörnir voru á aðalfundi 7. mars 2024. Stjórn skiptir með sér verkum og velur stjórnarformann og varaformann á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar. Stjórn setur sér starfsreglur, en félagið hefur sett almennar siðareglur fyrir starfsemina. Starfsreglur stjórnar má finna á vefsíðu félagsins. Stjórn setur sér fundaaætlun fyrir árið sem byggir m.a. á starfsreglum stjórnarinnar. Stjórnarfundir eru haldnir, samkvæmt starfsreglum, að jafnaði mánaðarlega. Fundir stjórnar eru boðaðir með fyrirfram ákveðinni dagskrá í samræmi við starfs- og fundaaætlun og fundargögn eru afhent í stjórnarvefgátt tímanlega fyrir fundi. Haldin er fundargerð um alla fundi stjórnar og þar eru ákvarðanir bókaðar. Að jafnaði sitja stjórnarfundir forstjóri og ritari stjórnar. Framkvæmdastjórn, forstöðumenn og/eða aðrir utanaðkomandi sérfræðingar eru kallaðir inn á stjórnarfundir eftir atvikum og þörfum hverju sinni til að kynna einstök mál á sínum sviðum. Samkvæmt samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar ræður meirihluti niðurstöðu, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Stjórn metur árlega störf sín með árangursmati stjórnar og setur upp aðgerðir til þess að bæta skilvirkni hennar og þannig tryggja stöðuga þróun og umbætur. Niðurstaða árangursmatsins er m.a. að stjórnin telur að hún sé rétt samsett og búi yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum af kostgæfni.

Stjórn Varðar líftrygginga er skipuð þremur einstaklingum sem kjörnir eru á aðalfundi ár hvert. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega samkvæmt starfsreglum sínum. Samkvæmt starfsreglum stjórnar beggja félaga á stjórn Varðar líftrygginga fulltrúa í bæði endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Starfsreglur Varðar líftrygginga eru samhljóða og umfjöllun um helstu ábyrgðarhlutverk og verkefni stjórnar eru þau sömu og fjallað hefur verið um hér að framan.

Undirnefndir stjórnar

Endurskoðunarnefnd, sem er sameiginleg fyrir Vörð tryggingar og Vörð líftryggingar var skipuð þremur aðilum á starfsárinu. Árlega skipar nýkjörin stjórn í nefndina til eins árs í senn, innan mánaðar eftir aðalfund. Þess er gætt að ávallt sé einn aðili sem hefur staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar. Ef slíkan sérfræðing er ekki að finna í stjórnnum Varðar er sá aðili utanaðkomandi. Starfsreglur og helstu verkefni endurskoðunarnefndar má finna á vefsíðu félagsins. Nefndin skilar árlegri skýrslu til stjórnar í lok starfsárs.

Starfskjaranefnd skipuðu á starfsárinu þrír stjórnarmenn, Vörður tryggingar átti tvo fulltrúa og Vörður líftryggingar átti einn fulltrúa. Starfskjaranefnd starfar samkvæmt starfsreglum og eru þær birtar á vefsíðu félagsins. Helsta verkefni nefndarinnar er samkvæmt starfsreglum að undirbúa ákvarðanir stjórnar um almenna starfskjarastefnu félagsins, um starfskjör forstjóra og stjórnarmanna.

Mat á stjórnkerfi

Það er mat stjórnar og stjórnenda að stjórnkerfi félagsins tryggi að því sé stjórnað á traustan og varfærin hátt og sé í samræmi við eðli, umfang og margbreytilega starfseminnar.

Stjórnendur

Forstjóri Varðar er ráðinn af stjórn og starfar í hennar umboði. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og skal fara eftir stefnu og fyrirmælum stjórnar. Hann fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum félagsins sem ekki eru öðrum falin. Forstjóri Varðar er jafnframt forstjóri Varðar líftrygginga og ber þannig einnig ábyrgð á daglegum rekstri þess félags. Daglegri starfsemi þess félags er útvistað til móðurfélagsins Varðar.

Framkvæmdastjórn Varðar skipa framkvæmdastjórar, ásamt forstjóra. Framkvæmdastjórar búa yfir sérþekkingu, fjölbreyttri menntun og starfsreynslu sem nýtist félaginu í allri ákvarðanatöku. Þeir bera ábyrgð hver á sínu sviði og funda að jafnaði vikulega.

Svið

Sala og þjónusta

Undir sölu og þjónustu fellur sölustefna, þjónustustefna og sölustýring. Þjónustu við viðskiptavinum hefur verið útvistað til Arion, auk þess sem sölu trygginga er einnig útvistað að hluta til bankans og annarra aðila.

Tjónasvið

Undir tjónasvið fellur öll vinnsla tjóna.

Vátryggingasvið

Undir vátryggingasvið fellur stofnstýring, sem innifelur m.a. ábyrgð á endurnýjun vátryggingasamninga, verðlagningu, afkomugreiningum og áhættumati við tryggingatöku, auk gagnavinnslu og vörustýringar.

Fjármálasvið

Undir fjármálasvið fellur ábyrgð á reglulegum uppgjörum og útreikningum ýmissa lykiltalna er varða rekstur. Starfsemi sviðsins er að miklu leyti útvistað til Arion banka.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið fellur ábyrgð á upplýsingatækni, gæðamálum, sjálfbærni auk almenns reksturs. Rekstri tækniumhverfis sem og þróun hugbúnaðarlausna hefur verið útvistað til Arion.

Skrifstofa forstjóra

Undir skrifstofu forstjóra falla lykilstarfssvið.

Fjárfestingaráð er skipað forstjóra og fjármálastjóra og er áhættustjóri áheyrnarfulltrúi í ráðinu. Ráðið fundar reglulega og tekur ákvarðanir um og ræðir málefni sem varðar fjárfestingastarfsemi

félagsins. Fjárfestingum er útvistað til eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion banka. Eignastýringaraðilar bera ábyrgð á fjárfestingum og tengdum verkefnum og starfa í umboði forstjóra og fjárfestingaráðs samkvæmt samþykktri fjárfestingarstefnu. Ráðið hittir stýringaraðila eigna reglulega á formlegum fundum og er þar m.a. farið yfir þróun eignasafns frá síðasta fundi, fylgni við fjárfestingarstefnu, árangur og önnur atriði sem um er getið í samningi.

Árið 2024 var skipun lykilstarfsviða með eftirfarandi hætti:

Starfssvið innri endurskoðunar er í höndum innri endurskoðunar Arion banka en starfssviðinu er útvistað með sérstökum útivistunarsamningi. Hlutverk og helstu verkefni eru hefðbundin, þ.e. að veita óháða og hlutlæga staðfestingu á virkni innra eftirlits félagsins, auk þess að veita ráðgjöf sem er ætlað að bæta starfsemi þess. Reglulega tekur innri endurskoðandi m.a. út virkni áhættustýringar og regluvörslu, þ.e. fylgni við lög og reglur. Árlega leggur innri endurskoðun fram áætlun, vinnur endurskoðun sína það árið miðað við áætlunina og skilar skýrslu til stjórnar í kjölfarið. Um nánara hlutverk og verkefni innri endurskoðunar er fjallað í kafla B.5.

Tryggingastærðfræðingur heyrir undir forstjóra félagsins og annast þau störf sem falla undir starfssvið tryggingastærðfræðings samkvæmt lögum og er þeim nánar lýst í kafla B.2.

Áhættustjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Varðar, eftirfylgni áhættustefnu auk upplýsingagjafar til stjórnar og stjórnenda. Meginhlutverk áhættustjóra er að yfirfara og samþykkja mat framkvæmdastjóra á áhættum sem skráðar hafa verið á viðkomandi sviðum. Hann hefur yfirumsjón með árlegu eigin áhættu- og gjaldþolsmati félagsins (ORSA), ásamt Solvency II skýrsluskilum til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Regluvörslu er útvistað til Arion. Starfið felur í sér ráðgjöf til stjórnar um fylgni við lög um váttryggingastarfsemi og reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli á grundvelli þeirra. Regluvörður skal meta áhrif lagabreytinga á starfsemi félagsins og eftir því sem við á, koma á og fylgja og innleiða stefnu stjórnar um reglufylgni. Hann skal einnig meta hlítingaráhættu. Hlutverkinu eru gerð betri skil hér á eftir í kafla B.4. um innra eftirlit.

Starfskjarastefna

Starfskjarastefna er í gildi hjá Verði og er henni ætlað að treysta viðleitni félagsins til að veita góða þjónustu og leggja grunn að góðri arðsemi hlutafjár með langtíma hagsmuni félagsins, eiganda þess, viðskiptamanna og starfsfólks að leiðarljósi. Með hliðsjón af þessum markmiðum er megininntak starfskjarastefnunnar að gera það eftirsóknarvert að starfa hjá Verði og skipa félaginu þannig í fremstu röð á íslenskum markaði. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að félagið hafi svigrúm til þess að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur.

Við mörkun starfskjarastefnunnar skal það haft að leiðarljósi að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku umfram áhættuþol félagsins né leiði til hagsmunaárekstrar, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmiða sé gætt og heilbrigður rekstur félagsins sé ávallt tryggður og í samræmi við rekstraráætlun þess. Jafnframt skal ávallt horft til jafnréttissjónarmiða og fylgja stefnu félagsins um jafnréttismál í hvívetna.

Starfskjarastefna er samþykkt árlega á aðalfundi og var hún síðast samþykkt af hluthöfum á aðalfundi í mars 2024. Starfskjarastefnan nær til helstu grundvallaratriða hvað varðar starfskjör forstjóra og annarra stjórnenda. Jafnframt er kveðið á um starfskjör stjórnarmanna og að þóknun þeirra skuli taka mið af þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir, vinnuframlagi og aðkomu en þóknunin skal ákveðin á aðalfundi ár hvert.

Samkvæmt starfskjarastefnu er heimilt að greiða starfsfólki og stjórnendum kaupauka á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórn samþykkir. Frá árinu 2021 er í gildi kaupaukakerfi að fyrirmynd eiganda félagsins, Arion banka og er aðalmælikvarði kerfisins sameiginlegur fyrir bankann og Vörð. Kerfið gildir fyrir allt starfsfólk Varðar og Arion banka en er tvískipt þegar kemur að greiðslu kaupauka. Framkvæmdastjórn og forstöðumenn geta fengið kaupauka sem nemur allt að 25% árslauna viðkomandi. Samkvæmt reglum er 40% kaupaukans frestað til fjögurra ára í tilviki forstöðumanna en til fimm ára ef um framkvæmdastjóra er að ræða og fellur frestaður kaupauki niður láti starfsmaður af störfum, nema í sérstökum tilvikum. Að öðru leyti getur kaupauki verið greiddur strax í peningum og með afhendingu hlutabréfa eða kaupréttar að hlutabréfum í Arion banka. Afhent bréf eru háð sölubanni í þrjú ár. Annað starfsfólk getur fengið að hámarki 10% árslauna í kaupauka og er hann greiddur strax eftir að kaupauki hefur verið ákvarðaður.

Yfirlit yfir viðskipti við tengda aðila má sjá í eftirfarandi töflu í þús. kr.:

Viðskipti við tengda aðila	2024	2023
Sala á váttryggingasamningum og annarri þjónustu:		
Hluthafar og tengd félög	533.911	484.626
Lykilstarfsmenn og stjórnarmenn	6.579	8.376
Samtals	540.490	493.002
Kaup á þjónustu:		
Hluthafar og tengd félög	1.443.467	1.332.760
Lykilstarfsmenn og stjórnarmenn	4.514	4.387
Samtals	1.447.981	1.337.147

Viðskipti samstæðunnar við tengda aðila eru gerð á markaðsvirði og armslengdarsjónarmiða gætt.

B.2 Kröfur um hæfi og hæfni

Í verkferli sem Vörður hefur sett sér um ráðningar kemur fram að ávallt er leitast við að ráða hæft starfsfólk með menntun og reynslu er nýttast mun í starfi hjá félaginu. Þar kemur einnig fram að ákvarðanir um ráðningar skulu byggðar á rökum og tryggt að samræmi sé í þeim ákvörðunum. Ferlinu er fylgt, hvort sem ráðið er í stjórnunarstöður eða almenn störf. Forstjóri og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á ráðningarmálum í samvinnu við mannauðsstjóra. Starfslýsingar eru til um öll störf og í þeim eru settar fram hæfnikröfur. Settar hafa verið reglur þar sem hæfnikröfur stjórnenda og lykilstarfsmanna eru útlistaðar, þ.e. til viðbótar við þær almennu starfslýsingar og kröfur sem lög um váttryggingastarfsemi gera ráð fyrir.

Vörður hefur skilgreint alla framkvæmdastjóra sem lykilstarfsfólk. Lögin gera kröfu um að þeir sem gegni þessum hlutverkum séu á hverjum tíma hæfir til að sinna þeim og að þekkingu þeirra sé haldið við með árlegri endurmenntun eða starfsþjálfun í samræmi við lög um dreifingu váttrygginga nr. 62/2019.

B.3 Áhættustýring og eigið áhættu- og gjaldþolsmat

Áhættustýring er eitt af lykilsviðum félagsins og heyrir samkvæmt skipuriti undir forstjóra sem sjálfstæð og óháð eining. Áhættustýring ber ábyrgð á samhæfðri áhættustýringu samstæðunnar, eigin gjaldþols- og áhættumati (ORSA), innra eftirliti og gjaldþolsútreikningum. Þá er áhættustýring ráðgefandi fyrir stjórn um áhættuvilja og stefnumótun.

Vörður og Vörður líftryggingar hafa sett sér stefnu um áhættustýringu með vísan til 4. mgr. 39. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og x., y. og z. gr. framseldrar reglugerðar ESB nr. 2015/35. Í stefnunni kemur fram hvernig áhættustýringu félagsins er háttað. Áhætta er skilgreind sem líkurnar á því að atvik verði sem kemur í veg fyrir að félagið nái markmiðum sínum. Markmið og tilgangur stefnunnar er skilgreindur ásamt hlutverki og ábyrgð þeirra sem koma að framkvæmd og eftirliti áhættustýringar. Í stefnunni er farið yfir helstu áhættupætti, áhættustýringu og hvernig eftirliti með áhættum er háttað. Þá er tekið á skýrslu- og upplýsingagjöf ásamt endurskoðun stefnu. Áhættuvilja stjórnar má einnig finna í handbók stjórnar en þar eru markmið og vikmörk tilgreind.

Vörður skilgreinir áhættuvilja félagsins, meginmarkmið og þolmörk. Ársfjórðungslega eru teknar saman upplýsingar um raunstöðu og bornar saman við áhættuviljann og fyrri ársfjórðunga. Skýrslurnar eru kynntar stjórn, endurskoðunarnefnd og framkvæmdastjórn félagsins.

Samhæfð áhættustýring (ERM) hefur verið innleidd með það að leiðarljósi að tilgreina, meta, mæla og stýra áhættu félagsins. Helstu áhættupættir hafa verið skilgreindir og eftirlit með þeim sömuleiðis. Vörður hefur sett mælikvarða fyrir líkur og áhrif hvers áhættu. Með mælikvörðunum fæst flokkun á mikilvægi hvers áhættu, þ.e. kvörðun frá litlum áhættum upp í stórar áhættur sem geta haft afgerandi áhrif á rekstrarhæfi félagsins. Lögð er áhersla á að áhættustýring og innra eftirlit sé formlegt og gætt að skráningu og rekjanleika.

Eigið áhættu og gjaldþolsmat

Vörður hefur sett sér stefnu um eigin áhættu- og gjaldþolsmat, ORSA. Matið fer fram árlega með aðkomu framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmanna ásamt endurskoðunarnefnd og stjórnnum beggja félaganna. Að mati loknu er skýrslu þar um skilað til stjórnar og Fjármálaeftirlitsins. Við áhættu og gjaldþolsmat er leitast við að meta áhættur sem kunna að steðja að félaginu. Horft er á fjárhagsþörf samstæðunnar og undirliggjandi félaga, Varðar og Varðar líftrygginga, út frá ýmsum mögulegum sviðsmyndum þar sem ein tiltekin áhætta kemur upp eða fleiri samtímis. Megináhersla er lögð á áhættur sem skilgreindar hafa verið sem lykiláhættur, þ.e. váttryggingaráhættu og markaðsáhættu. Jafnframt er leitast við að meta hvaða áhættur geti skarast eða verið samverkandi.

Áhættur eru metnar út frá ýmsum sviðsmyndum og viðbótarfjármagn eða áhættuálag metið eftir því hve áhættan er mikil. Gjaldþol félagsins er metið út frá fjárhagslegri stöðu og að teknu tilliti til áhættupátta til þess að byggja áætlun um fylgni við gjaldþolskröfur til næstu ára.

Á grundvelli stefnumótunar stjórnar, m.a. um gjaldþol, eigið fé og arðgreiðslur, er áhættuvilji stjórnar rammaður inn og notaður sem leiðarvísir fyrir stjórnendum í sínum daglegu störfum. Niðurstöður áhættustýringar og ORSA matsins veita stjórn og stjórnendum upplýsingar um áhættusnið félaganna og fjárhagsstöðu og eru því nýttar við ákvarðanatöku við almennan rekstur og stefnumörkun. Stjórn Varðar leiðir þetta verkefni og staðfestir niðurstöður þess í lokin.

Niðurstaða ORSA 2024 er að fjárhagslegur styrkur félaganna og samstæðunnar í heild sé nægjanlega mikill til næstu þriggja ára, þrátt fyrir áföll, þannig að ekki er þörf á frekari fjármögnun. Vörður mætir þeim gjaldþolskröfum sem til félagsins eru gerðar og mun, samkvæmt niðurstöðum ORSA, gera það næstu þrjú árin. Komi hins vegar til frekari áfalla og félögin/samstæðan stæðust ekki lágmarkskröfur um gjaldþol, ættu þau ýmsa möguleika til að rétta sig af, svo sem með því að draga úr áhættu, víkja frá arðgreiðslum, frekari útgáfu víkjandi láns eða með hlutafjárukningu.

B.4 Innra eftirlit

Innra eftirlit er viðvarandi kerfi sem hefur þann tilgang að veita hæfilega vissu um að félagið nái eftirtöldum markmiðum:

- Árangur og skilvirkni í starfseminni
- Áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar
- Hlítning við lög og reglur

Stjórn hefur sett stefnu um innra eftirlit og er skilgreining eftirlitsins eftirfarandi:

„Allt það ferli sem stuðlar að því að fyrirtækið nái settum markmiðum sínum.“

Kerfi innra eftirlits samanstendur af stefnu stjórnar, innri verklagsreglum, fyrirbyggjandi aðgerðum, úttektum, skýrslum og gagnsærri upplýsingagjöf sem gerir kleift að greina, mæla og meta áhættur í rekstri Varðar. Horft er til innra eftirlitslíkans COSO teningsins og innra eftirliti skipt í fimm meginþætti sem ná til allra starfsemisspátta félagsins; eftirlitsumhverfis, áhættumats, eftirlitsaðgerða, upplýsinga og samskipta og stjórnendaeftirlits. Þessir fimm meginþættir þurfa að vera til staðar og virka til að innra eftirlit sé virkt og áhrifaríkt. Saman mynda þeir eina samþætta heild og draga úr líkum á að Vörður nái ekki markmiðum sínum.

Þriggja laga kerfi er til staðar hjá félaginu. Stjórnendur og starfsfólk mynda fyrstu línu í daglegri starfsemi. Þar er um að ræða eftirlitsaðgerðir og frávíkaskráningu. Áhættustýring, trygginga-stærðfræðingur og regluvarsla mynda aðra línu með stjórnendaeftirliti, skipulegri vöktun og ráðgjöf. Þar er sannreynt og staðfest að eftirlitskerfið sé virkt og séð til þess að starfsfólk starfi í samræmi við lög og reglur og fylgi innri reglum. Þriðja línan tekur til innri endurskoðunar sem starfar í umboði og á ábyrgð stjórnar sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar línu og hversu vel þær sinna hlutverki sínu. Ábyrgð á innra eftirliti Varðar skiptist með eftirfarandi hætti: Stjórn ber ábyrgð á innra eftirliti félagsins og jafnframt á að fyrirkomulag innra eftirlits sé formlegt og skjalfest. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits. Forstjóri og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á daglegri framkvæmd og viðhaldi innra eftirlits sem og að starfsfólk sé upplýst og meðvitað um innra eftirlit félagsins. Innri endurskoðun sér um að veita óhlutlægt mat á virkni innra eftirlits.

Áhersla er lögð á virkt innra eftirlit, þ.e. formfast, skjalfest, reglubundið og sannreynt. Innra eftirlit birtist m.a. í gæðahandbók á innri vef félagsins en þar eru verklagsreglur, verklýsingar og leiðbeiningar skráðar. Það hvílir öðru fremur hjá starfsfólki þó endanleg ábyrgð sé hjá stjórn og stjórnendum og er mótað af því umhverfi sem endurspeglast í stjórnskipulagi og stjórnunarháttum félagsins.

Regluvarsla er eitt af lykilstarfssviðunum fjórum sem tryggingafélögum er skylt að starfrækja samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi. Helstu verkefni eru eftirfarandi: Áætlun um reglufylgni. Að veita starfsfólki nauðsynlega fræðslu, ráðgjöf og aðstoð til að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt m.a. lögum um váttryggingastarfsemi. Að veita stjórn félagsins ráðgjöf um

framkvæmd laga um váttryggingastarfsemi og meta áhrif lagabreytinga á starfsemina. Að skila árlega skýrslu til stjórnar og koma á fund og greina frá helstu niðurstöðum. Að auki er gert ráð fyrir að regluvörður sjái til þess að félagið fylgi þeim lögum sem gilda um starfsemi þess og meti áhættuna af því að það sé ekki gert, svokallaða hlítningaráhættu.

B.5 Innri endurskoðun

Arion banki sinnir lykilstarfssviði innri endurskoðunar á grundvelli útvistunarsamnings. Í skipuriti heyrir innri endurskoðandi beint undir stjórn sem ber ábyrgð á fyrirkomulagi og virkni innri endurskoðunar.

Tryggt er með útvistun og útvistunarsamningi starfssviðsins að engir hagsmunaárekstrar eigi sér stað við innri endurskoðun félagsins enda sinnir hún engum öðrum verkefnum fyrir Vörð og þar með er kröfum 2. mgr. 271. gr. EU reglugerðar nr. 35/2015 uppfyllt á fullnægjandi hátt. Útvistunarsamningur við innri endurskoðanda var síðast uppfærður árið 2022.

Endurskoðunarnefnd hefur hlutverki að gegna í sambandi við innri endurskoðun, sbr. 2. tl. 2. mgr. 108. gr. b laga nr. 3/2006 um ársreikninga, að hafa eftirlit með virkni innra eftirlits og innri endurskoðunar. Í því felst m.a. að endurskoðunarnefnd sjái um samskipti við innri endurskoðanda og fylgi því eftir að hann sinni starfi sínu í samræmi við stefnu, lög og reglur sem gilda. Enn fremur skal endurskoðunarnefnd fylgja eftir að brugðist sé við athugasemdum og ábendingum sem innri endurskoðun setur fram í árlegri skýrslu sinni.

B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings

Forstöðumaður starfssviðs tryggingastærðfræðings heyrir undir forstjóra og kynnir verkefni sín í árlegri skýrslu til framkvæmdastjórnar og forstjóra. Ábyrgðarhlutverk tryggingastærðfræðings eru í samræmi við ákvæði og laga sem gilda um starfsemina. Helstu verkefni tryggingastærðfræðings eru:

- Samræma útreikning váttryggingaskuldar
- Veita álit á áhættutöku og áhættu við gerð endurtryggingasamninga og meta áhrif þessara þátta á váttryggingaskuld félagsins
- Gefa álit á leiðbeiningum um sölutryggingu og nægjanleika iðgjalda
- Aðstoða við vöruþróun og undirbúning að nýjum váttryggingum eftir því sem þörf er á hverju sinni
- Leggja sitt af mörkum til kerfis áhættustýringar, til dæmis með þátttöku í ORSA
- Skila árlega skýrslu til stjórnar, þar sem farið yfir helstu verkefni tryggingastærðfræðings á árinu, ásamt niðurstöðum þeirra

B.7 Útvistun

Stefna Varðar er að útvista verkefnum þar sem það er talið hagkvæmt út frá rekstrarlegum sjónarmiðum, enda sé tryggt að gæði þjónustu útvistunaraðila séu fullnægjandi og að þeir starfi í samræmi við kröfur félagsins

Í útvistunarstefnu stjórnar er skilgreint hvaða almennum kröfur eru gerðar til útvistunaraðila. Í stefnunni er kveðið á um að stjórn beri ábyrgð á útvistuðum verkefnum og að forstjóri taki ákvörðun um útvistun hverju sinni. Í stefnunni er enn fremur skilgreint hvaða þættir í starfseminni falla undir mikilvæg verkefni sem eðlilegt getur talist að útvista. Þar á meðal eru verkefni þar sem

sérfræðikunnáttu skortir innanhúss vegna smæðar félagsins. Litið er svo á að slík útvistun geti falið í sér hagræðingu í rekstri, sem styður vel við aðalmarkmið hennar.

Á grundvelli þessara forsendna útvistar Vörður ýmsum verkefnum til móðurfélagsins Arion banka og þar með talið nokkrum mikilvægum verkefnum og tveimur lykilstarfssviðum, samanber eftirfarandi:

- Innri endurskoðun – lykilstarfssvið
- Regluvarsla – lykilstarfssvið
- Dreifing vátrygginga
- Persónuverndarfulltrúi
- Rekstur upplýsingatækni
- Reikningshald
- Öryggisstjóri

Á grundvelli sömu forsendna var starfssviði tryggingastærðfræðings útvistað til Aktuariegruppen Stockholm AB frá fyrri hluta árs 2024.

Útvistunarsamningar voru uppfærðir eða nýir útbúnir á árinu 2024.

B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi

Greint hefur verið frá öllum veigamiklum upplýsingum um stjórnkerfi og skipulag í köflum B1 til B7 hér að framan. Ekki er um aðrar upplýsingar að ræða sem ástæða er til að fjalla sérstaklega um.

C. Áhættusnið

Vörður tryggingar og Vörður líftryggingar eru alhliða almenn váttryggingafélög með starfsleyfi í öllum helstu greinaflokkum skaðatrygginga og líf- og heilsutryggingum. Félögin veita einstaklingum og fyrirtækjum váttryggingavernd sem bætir skaða og tryggir fjárhagslega afkomu í kjölfar tjóns eða slysa. Óvissa um uppgjör endanlegs tjónakostnaðar felur í sér váttryggingaáhættu fyrir félagið sem það dregur að hluta úr með því að gera samninga við endurtryggjendur, s.s. vegna stórra tjónsatburða og samþjöppunaráhættu. Félögin fjárfesta eignum sínum á fjármálamarkaði og að stærstum hluta í skráðum fjármálagerningum. Samsetning stofns váttryggingataka og fjölbreytt eignasafn tryggja áhættudreifingu sem dregur úr heildaráhættu félagsins.

C.1 Váttryggingaáhætta

Váttryggingaáhætta er hættu á tapi eða óhagstæðum breytingum á virði váttryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða váttryggingaskuldar. Váttryggingaáhætta skiptist eftir greinum skaðatrygginga, heilsutrygginga og líftrygginga í skaðatryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu og líftryggingaáhættu. Í greinum skaðatrygginga er stærstur hluti áhættunnar tengdur ökutækjatrýggingum og eignatrýggingum. Áhættur í líf- og heilsutryggingum eru aðallega tengdar sjúkdómatryggingum og líftryggingum en hafa takmarkað vægi í áhættusniði samstæðunnar.

Það er eðli váttrygginga að endanlegur kostnaður við uppgjör tjónakostnaðar er óþekktur við útgáfu váttryggingaskirteinis. Í öllum greinum váttrygginga er fólgin áhætta á tapi ef verðlagning endurspeglar ekki áhættur sem váttrygging bætir eða vegna ófullnægjandi áhættumats fyrir útgáfu váttryggingar. Enn fremur er óvissa um tjónatíðni og kostnað við einstök tjón, sem tilkynnt eru til félagsins fram að uppgjöri þeirra.

Starfsfólk félagsins fylgir skráðum verklagsreglum við þróun váttryggingaafurða, verðlagningu, framkvæmd áhættumats og við uppgjör tjóna til þess að draga úr áhættu vegna seldra váttrygginga. Þá er áhætta einnig takmörkuð með endurtryggingasamningum við endurtryggjendur vegna stærri tjónsatburða og hærri tjónsfjárhæða, hvort sem um er að ræða stök tjón eða samþjöppun váttryggingaáhættu.

Stöðugt er fylgst með tjónshlutföllum í einstökum váttryggingagreinum, þróun váttryggingaskuldar og þróun tjónakostnaðar til þess að bregðast við þegar við á, s.s. með breyttri verðlagningu, breytingum á áhættumati eða skilmálum. Þá er fylgst með samþjöppun váttryggingaráhættu, s.s. ef margir váttryggðir geta verið útsettir fyrir sameiginlegum tjónsatburði eða háar váttryggingafjárhæðir geta verið undir.

Vörður takmarkar áhrif stórtjóna, s.s. vegna bruna eða annarra eignatjóna, veðuratburða og stórslysa, með því að gera samninga við endurtryggjendur, sem takmarka eigin áhættu félagsins í sérhverjum tjónsatburði með endurtryggingum vegna umfram taps. Félagið gerir samninga við endurtryggjendur sem uppfylla kröfur þess um fjárhagslegan styrk og það dreifir áhættunni á marga endurtryggjendur til þess að tryggja áhættudreifingu.

Félagið auðkennir, greinir og metur áhættur með viðurkenndum aðferðum í áhættustýringu, s.s. með sviðsmyndagreiningum, næmnigreiningum og álagsprófum til þess að forgangsraða í áhættustýringu og prófa virkni áhættumildunar.

Gjaldpolskrafa skaðatryggingaáhættu, heilsutryggingaáhættu og líftryggingaáhættu samkvæmt staðalreglu Solvency II skiptist undiráhættupætti eins og sýnt er hér á eftir.

Undiráhættupættir skaðatryggingaáhættu eru iðgjalda- og tjónaskuldaáhætta, hamfaraáhætta og brottfallsáhætta í þús. kr.:

Skaðatryggingaáhætta	2024	2023
Iðgjalda- og tjónaskuld	5.452.900	5.315.403
Hamfaraáhætta	528.127	496.044
Brottfallsáhætta	170.828	232.809
Fjölþættingaráhrif	-540.961	-578.718
Skaðatryggingaáhætta	5.610.894	5.465.538

Undiráhættupættir heilsutryggingaáhættu eru SLT heilsutryggingaáhætta, NSLT heilsutryggingaáhætta og hamfaraáhætta í þús. kr.:

Heilsutryggingaáhætta	2024	2023
SLT heilsutryggingaáhætta	365.243	451.193
NSLT heilsutryggingaáhætta	1.085.280	1.000.681
Hamfaraáhætta	196.744	239.166
Fjölþættingaráhrif	-272.849	-317.265
Heilsutryggingaáhætta	1.374.418	1.373.775

Undiráhættupættir líftryggingaáhættu eru dánaráhætta, brottfallsáhætta, rekstrarkostnaðaráhætta og hamfaraáhætta. Aðrir undiráhættupættir líftryggingaáhættu samkvæmt staðalreglu eru langlífisáhætta, örorku- og sjúkdómsáhætta og endurmatsáhætta, sem reiknast núll hjá Verði. Undiráhættupættir Varðar líftrygginga í þús. kr.:

Líftryggingaáhætta	2024	2023
Dánaráhætta	42.253	51.573
Brottfallsáhætta	75.126	5.131
Rekstrarkostnaðaráhætta	11.026	15.669
Hamfaraáhætta	492.050	451.665
Fjölþættingaráhrif	-89.121	-51.004
Líftryggingaáhætta	531.335	473.035

C.2 Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu félagsins sem stafa beint eða óbeint af sveiflum á virði eða flökti markaðsvirðis eigna, skuldbindinga og fjármálagerninga sem hafa áhrif á virði fjárfestinga þess.

Markaðsáhætta er samsett úr undiráhættupáttum skv. staðalreglu Solvency II þar sem hlutabréfaáhætta hefur mest vægi. Hlutabréfaáhætta er vegna fjárfestinga félagsins í hlutabréfum í félögum og hlutdeildarskirteinum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og hætta á að gangvirði þeirra eigna lækki. Vaxtaáhætta er áhætta vegna áhrifa breytinga á áhættulausum vöxtum, sem hafa áhrif á fjárfestingar í verðbréfum með fastar tekjur og virði váttryggingaskuldar. Þegar áhættulausir vextir hækka þá lækkar virði fjárfestinga með fastar tekjur meira en sem nemur lækkun váttryggingaskuldar.

Vikáhætta er hættan á að virði fjárfestinga félagsins lækki vegna versnandi lánsþæfis útgefenda, sem félagið hefur fjárfesti í. Útreikningur á vikáhættu með staðalreglu er háður núverandi lánsþæfismati útgefanda fjármálagernings og tímalengd útgáfunnar. Samþjöppunaráhætta er hætta á tapi sem leiðir af samþjöppun áhættu vegna fjárfestinga í útgefendum í sömu samstæðu og tekur mið af samþjöppun áhættuskuldbindinga umfram viðmiðunarmörk, sem eru háð lánsþæfisþrepi útgefanda. Gjaldmiðlaáhætta er hætta á virðislækkun fjárfestinga, sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum.

Stjórn Varðar setur fjárfestingarstefnu þar sem eignaflokkun og markmið eru skilgreind. Í fjárfestingarstefnu félagsins er sérstaklega vísað til 113. greinar laga númer 100/2016 þar sem kveðið er á um varfærnisregluna við fjárfestingar. Í því felst m.a. að tryggja að eignum, sem eru notaðar til að mæta váttryggingaskuld, sé ráðstafað til fjárfestinga í samræmi við eðli og líftíma váttryggingaskuldbindinga, í samræmi við hagsmuni váttryggingataka og váttryggðra. Jafnframt er eigum dreift nægjanlega til þess að forðast að afkoma fjárfestinga reiði sigum um of á tiltekna eign, tiltekinn útgefenda, hóp útgefenda eða landsvæði.

Í eignasafni félaganna eru aðeins fjármálagerningar sem félagið getur greint, mælt, stjórnað og haft eftirlit með, og brugðist við áhættu með viðeigandi hætti. Áhersla í fjárfestingum félaganna hefur verið á skráð verðbréf með seljanleika í huga. Samsetning fjárfestinga tryggir áhættudreifingu og félagið er ekki útsett fyrir verulegri samþjöppun markaðsáhættu m.t.t. tegunda fjármálagerninga, atvinnugreina og útgefenda fjármálagerninga. Þorri fjármálagerninga í safni félaganna eru skráðir rafrænt og vistaðir á VS reikningum hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum.

Mikið vægi ríkisbréfa í fjárfestingarstefnu félagsins styður við varfærnisreglu laganna um öryggi, gæði og seljanleika en arðsemi íslenskra skuldabréfa hefur einnig verið vel ásættanleg.

Stefna félagsins við stýringu markaðsáhættu ræðst af fjárfestingamarkmiðum þess. Starfsfólk fylgist með daglegum breytingum á markaði í samræmi við stefnu og starfsreglur. Stjórn fylgist með og greinir heildarmarkaðsáhættu félagsins á mánaðarfresti eða oftár ef þurfa þykir.

Öll hlutabréf félagsins eru færð á gangvirði. Í árslok 2024 hefði 10% lækkun á skráðum hlutabréfum leitt til 738,6 millj. kr. minni hagnaðar og 10% lækkun á óskráðum hlutabréfum og hlutabréfasjóðum leitt til 395,9 millj. kr. minni hagnaðar. Samstæðan fjárfestir óverulega í fjáreignum í gjaldmiðlum. Lækkun á gengi krónu um 10% gagnvart stærstu gjaldmiðlum myndi hafa 40,2 millj. kr. áhrif til lækkunar. Í árslok 2024 hefði 100 punkta hækkun áhættulausra vaxta leitt til 709,3 millj. kr. lækkunar á fjárfestingum og 108,4 millj. kr. lækkunar skuldbindinga, eða nettó 521,0 millj. kr. lægri hagnaður.

Gjaldpolskrafa markaðsáhættu skv. staðalreglu Solvency II skiptist undiráhættupætti eins og sýnt er hér:

Markaðsáhætta	2024	2023
Vaxtaáhætta	1.745.966	1.876.641
Hlutabréfaáhætta	4.419.124	3.313.815
Fasteignaáhætta	0	0
Vikáhætta	1.190.399	1.164.365
Samþjöppunaráhætta	1.563.462	1.659.491
Gjaldmiðlaáhætta	184.833	153.208
Fjölþættingaráhrif	-3.184.052	-3.176.446
Markaðsáhætta samtals	5.919.732	4.991.074

C.3 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptavinur, endurtryggjandi eða útgefandi fjármálagernings, getur ekki innt af hendi greiðslur sem félagið á tilkall til. Vörður reynir að lágmarka þennan áhættupátt með því að ganga eingöngu til samninga við traustar og vel þekktar stofnanir ásamt því að fara í gegnum virkt áhættumat við nýsölu váttrygginga.

Vörður hefur sett sér endurtryggingarstefnu þar sem fram kemur að endurtryggjendur skuli hafa mat á fjárhagsstyrk frá alþjóðlegu matsfyrirtæki, A- eða betra og mörk eru sett um hve mikla áhættu félagið tryggir hjá hverjum endurtryggjanda. Einnig eru sett mörk um það hversu marga endurtryggjendur félagið vill að lágmarki hafa á hverjum tíma. Til þess að minnka samþjöppunaráhættu sem snýr að endurtryggjendum er samningunum dreift á nokkra aðila til að koma í veg fyrir að of stór áhætta liggi á einni hendi.

Félagið fylgist með lánshæfi endurtryggjenda og dreifingu endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggjendum til þess að stýra mótaðilaáhættu. Félagið fylgist með þróun vanskila og hefur virkt innheimtuferli til þess að lágmarka vanskil váttryggingataka eins og kostur er og segja upp váttryggingavernd ef iðgjöld eru ekki greidd. Áhættusnið félagsins vegna mótaðilaáhættu m.v. Solvency II mat í árslok 2024 og 2023 er eftirfarandi í þús. kr.:

Mótaðilaáhætta	2024	2023
Mótaðilaáhætta af týpu 1 eignum	854.802	694.280
Mótaðilaáhætta af týpu 2 eignum	287.784	196.314
Fjölþættingaráhrif	-55.156	-39.119
Mótaðilaáhætta samtals	1.087.429	851.474

C.4 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að váttryggingafélag hafi ekki yfir nægu lausu fé að ráða eða geti ekki selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á. Áhættustýring lágmarkar lausafjáráhættu með því að sjá til þess að nægjanlegt handbært fé sé fyrir hendi á hverjum tíma.

Stefna Varðar kveður á um ákveðið lágmark handbærs fjár á hverjum tíma og til viðbótar er gert ráð fyrir að skráðar fjáreignir félagsins, sem eru stór hluti af heildareignum þess, séu innleysanlegar með stuttum fyrirvara.

Skilgreindir hafa verið auðseljanlegir eignaflokkar og lágmarks hlutföll þeirra af váttryggingaskuld til að tryggja aðgang að nægu fé til að mæta skuldbindingum vegna tjóna. Félagið framfylgir markmiðum um lágmark handbærs fjár og að hafa nægjanlegt magn auðseljanlegra eigna til þess að geta mætt skuldbindingum þegar við á og er ekki útsett fyrir samþjöppun lausafjánhættu.

Engar meiriháttar breytingar urðu á lausafjánhættu eða meðhöndlun hennar á árinu.

Væntur hagnaður sem er innifalinn í framtíðariðgjöldum skv. matsaðferðum váttryggingaskuldar í Solvency II er eins og hér segir í þús. kr.:

Hagnaður í framtíðariðgjöldum	2024	2023
Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum líf- og heilsutrygginga	258.193	4.361
Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum skaðatrygginga	212.854	268.799
Væntur hagnaður innifalinn í framtíðariðgjöldum samtals	471.047	271.316

C.5 Rekstraráhætta

Í starfsemi Varðar er fólgin rekstraráhætta vegna mögulegs beins eða óbeins taps vegna ófullnægjandi innri ferla, háttsemi starfsfólks eða ytri þátta. Veigamestu einstöku rekstraráhættur eru upplýsingatækniáhætta, sem fylgir því að reka umfangsmikil tölvukerfi og tækniinnviði, og hlitingaráhætta, sem fylgir því að starfa í flóknu lagaumhverfi og tekur reglulegum breytingum. Jafnframt viðskiptaáhætta og orðssporsáhætta, sem fylgir því að marka stefnu félagsins til framtíðar, viðhalda viðskiptasamböndum og þjónusta váttryggða og sækja til nýrra váttryggingataka á virkum samkeppnismarkaði. Rekstraráhætta nær til allra rekstrareininga.

Markmið Varðar er að verjast rekstraráhættu til að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón og að orðstír þess verði fyrir skaða. Þetta er gert með virku innra eftirlitskerfi, skilvirkum starfsreglum og ferlum, auk almennrar fræðslu meðal starfsfólks.

Lögð er rík áhersla á áreiðanleika upplýsingakerfa. Vörður hefur lengi unnið eftir ISO 27001 og fékk vottun á stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001 í upphafi árs 2016. Vottunin hefur verið endurnýjuð árlega síðan.

Til að draga úr rekstraráhættu gerir Vörður m.a. kröfu um að verkefni og skyldur séu aðskildar á viðeigandi hátt. Gerð er krafa um reglulegar afstemmingar í bókhaldi og eftirlit með þeim, að farið sé að lögum og reglum og að gert sé reglulegt mat á rekstraráhættupáttum. Þá er gerð krafa um þjálfun starfsfólks og faglega uppbyggingu félagsins. Áhættan er m.a. lágmarkuð með því að halda utan um og rýna mikilvægustu gæðaskjöl félagsins með skipulögðum og reglubundnum hætti. Vörður hefur sett sér öryggisstefnu og gert viðbúnaðarumgjörð til að tryggja samfelldan rekstur upplýsingakerfa. Starfsfólk fylgir reglum um upplýsingaöryggi sem fram koma í öryggishandbók félagsins. Viðbúnaðarumgjörð er prófuð árlega.

C.6 Aðrar mikilvægar áhættur

Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta er atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttanna sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg neikvæð áhrif á fjárfestingar eða skuldbindingar félagsins. Loftslagsbreytingar eru atburður eða ástands á sviði umhverfismála sem fela í sér loftslagsáhættu fyrir félagið og getur haft áhrif í bráð og í lengd. Félagið metur að áhætta þess felist einkum í hættu á að breytingar í loftslagi til langs tíma geti aukið tjónatíðni, hækkað tjónsfjárhæðir vegna veðurtengdra tjónsatburða og haft áhrif á samninga við endurtryggjendur. Félagið dregur úr áhrifum sjálfbærniáhættu á fjárfestingar með því að taka tillit til þessara þátta við ákvarðanir um fjárfestingar.

Samverkandi áhættur

Vörður getur átt á hættu að verða fyrir ólíkum áföllum innan sama rekstrarársins. Ólíkar sviðsmyndir eru skoðaðar í árlegu ORSA mati og í framhaldi er metið hvort félagið sé líklegt til að standast hin ýmsu áföll. Ólíklegt er að öll áföllin eigi sér stað á sama ári en áhætta tengd váttrygginga-, markaðs-, mótaðila-, samþjöppunar- og rekstraráhættu er metin. Niðurstaða ORSA matsins 2024 er að Vörður standist slík samverkandi áföll til næstu þriggja ára. Mat stjórnenda er að gangi áætlanir félaganna eftir og áföllin verði ekki meiri en sviðsmyndin gerir ráð fyrir, þurfi samstæðan ekki á frekara fjármagni að halda á næstu þremur árum.

C.7 Aðrar upplýsingar

Ekki eru aðrar upplýsingar sem þarf að taka fram um áhættusnið Varðar.

D. Virði og verðmat skv. gjaldþolsmati

D.1 Eignir

Mat á stærstum hluta eigna er eins samkvæmt aðferðum Solvency II og í ársreikningi. Yfirlit eigna samkvæmt gjaldþolsmati og mati ársreiknings er eins og hér segir í þúsundum króna.

Eignir þús.kr.	31.12.2024 Solvency II	31.12.2024 Ársreikningur	31.12.2023 Solvency II	31.12.2023 Ársreikningur
Viðskiptavild	-	205.956	-	205.956
Skatteign	-	-	37.309	37.310
Rekstrarfjármunir	53.852	145.632	81.488	234.644
Hlutabréf	7.585.497	8.329.325	4.267.498	4.720.393
Skuldabréf	24.329.781	24.329.781	21.849.779	21.843.782
Verðbréfasjóðir	3.874.853	3.131.026	4.380.090	3.924.192
Endurtryggingaeignir	873.109	675.395	267.059	262.416
Viðskiptakröfur	811.623	811.623	771.814	613.223
Aðrar kröfur	706.070	457.680	352.201	352.201
Handbært fé	768.966	768.966	499.368	499.368
Eignir samtals	39.003.751	38.855.384	32.497.569	32.693.485

Í þremur eignaflokkum vikur mat samkvæmt matsreglum Solvency II frá mati í ársreikningi og sýnir eftirfarandi tafla fjárhæðir og mismun á mati í þús. kr.:

Eignir þús. kr.	Solvency II	Ársreikningur	Mismunur í mati
Viðskiptavild	0	205.956	-205.956
Hugbúnaður	0	91.780	-91.780
Endurtryggingaeignir	472.244	514.068	-41.824
Eignir samtals	472.244	811.804	-339.560

Viðskiptavild er fær til eignar ef hún hefur myndast við kaup á dótturfélögum eða yfirtöku á starfsemi. Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun, sem reglulega er prófað fyrir. Samkvæmt reglum Solvency II hefur viðskiptavild ekki virði.

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum, sem færðar eru línulega yfir líftíma búnaðarins. Samkvæmt reglum Solvency II hefur hugbúnaður, sem óefnisleg eign ekki virði.

D.2 Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld skv. Solvency II er summan af besta mati og áhættuálagi. Besta matið er núvirði framtíðarfjárstreymis vegið með líkindum að teknu tillit til áhrifa tímasetninga greiðslna með viðeigandi áhættulausum vaxtaferli. Það er reiknað sérstaklega fyrir hvern einsleitán áhættuflokk fyrir iðgjaldaskuld og tjónaskuld.

Áhættuálag er reiknað sem fjármagnskostnaður sem jafngildir gjaldþolskröfunni á þeim tíma sem eftir er af vátryggingasamningum, fyrir aðra áhættu en markaðsáhættu og mótaðilaáhættu í fjármálasamningum. Gjaldþolskrafan er reiknuð út með stöðluðu formúlunni. Í eftirfarandi töflu er besta matið og áhættuálag sýnt fyrir hverja vátryggingagrein án endurheimtanlegra fjárhæða frá endurtryggingum á 31.12.2024 í þús. kr.:

Grein, Vörður tryggingar	Besta mat iðgjalda-skuldar	Besta mat tjónaskuldar	Samtals besta mat vátrygginga-skuldar	Áhættu-álag	Vátrygginga-skuld samtals
Sjúkrakostnaðar-tryggingar	933	10.324	11.258	82	11.340
Örorkutrygging	78.586	980.061	1.058.647	41.093	1.099.740
Atvinnuslysasýrtingar launþega	28.733	996.922	1.025.655	50.112	1.075.768
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	855.662	10.025.156	10.880.817	330.984	11.211.801
Frjálsar ökutækjatrýggingar	616.681	674.441	1.291.122	16.994	1.308.117
Sjótryggingar	(922)	77.382	76.460	2.106	78.566
Eignatrýggingar	525.344	1.678.337	2.203.681	39.196	2.242.878
Ábyrgðartryggingar	105.142	1.593.942	1.699.084	96.776	1.795.859
Samtals	2.210.159	16.036.565	18.246.724	577.343	18.824.067

Grein, Vörður líftryggingar	Samtals besta mat vátryggingaskuldar	Áhættuálag	Vátryggingaskuld samtals
Líftrsk. m. fjárfestingaáh. lífr.taka	30.284	0	30.284
Líftryggingar	214.394	63.922	278.316
Sjúkdómatryggingar	935.959	55.400	991.358
Örorkutrygging	176.235	10.991	187.227
Samtals	1.356.872	130.313	1.487.185

Tryggingastærðfræðilegar aðferðir og forsendur við mat váttryggingaskuldar

Tjónaskuld

Tjónaskuld er metin með skiptingu váttryggingastofnsins í einsleita áhættuflokka. Váttryggingagreinar hér að ofan geta samanstðið af einum eða fleiri einsleitum áhættuflokkum.

Mat á væntum kostnaði uppgjör tjóna er fundið með hefðbundnum tryggingastærðfræðilegum aðferðum sem byggja á tjónareynslu félaganna. Notast var við mismunandi fjölda tjónsára fyrir hvern einsleitan áhættuflokk fyrir sig.

Aðferðirnar sem notaðar voru eru:

- Þríhyrningaaðferðafræði: byggir á þeirri forsendu að söguleg þróun tjónakostnaðar eða tjónagreiðslna sé lýsandi fyrir framtíðar tjónskostnað.
- Aðferðir sem byggja á tjónatíðni og tjónastærðum: fjöldi og meðaltjón er metið hvort fyrir sig og svo margfölduð saman til að meta tjónskostnaðinn, notað þegar fjöldi tjóna er auðveldlega áætlaður.
- Aðferðir sem byggja á iðgjaldamagni og tjónshlutfalli: iðgjaldamagn marfaldað með gefnu tjónshlutfalli. Yfirleitt notað fyrir mjög nýleg tjónstímabil, þar sem lítið er vitað um endanlegan tjónskostnað.
- Bornhuetter-Fergusson: blanda af þríhyrningsaðferðum og fyrirframgefnu mati á endanlegum tjónskostnaði. Þegar lítið er vitað um endanlegan tjónskostnað fær fyrirframgefna matið meiri vigt, en eftir því sem á liður fær þríhyrningsaðferðarmatið meira vægi.

Í öllum flokkum var notast í grunninn við greiðslugögn, en líkön eru alltaf sett upp til hliðsjónar með áætluðum tilkynntum tjónum. Greiðslugögn voru núvirt með neysluvísitölu eða launavísitölu og framtíðargreiðsluflæði svo aðlagð með vísitöluspá.

Álagi er bætt við reiknaða tjónaskuld til að mæta væntum uppgjörskostnaði vegna orðinna óuppgærðra tjóna. Álagið er sértækt niður á áhættuflokka og byggir skiptingin á launkostnaði starfsfólks tjónadeildar.

Ekki hafa verið gerðar verulegar breytingar á aðferðafræði eða forsendum á árinu.

Iðgjaldaskuld

Iðgjaldaskuld Varðar trygginga í gjaldþolsmati er áætlun um uppgjör tjóna og greiðslu kostnaðar fyrir það tímabil sem það veitir váttryggingatökum og váttryggðum vernd. Matið byggir á óáunnum iðgjöldum og væntu tjónshlutfalli að viðbættum kostnaði. Iðgjaldaskuld Varðar líftrygginga byggir sömu aðferð.

Váttryggingaskuld Varðar líftrygginga lækkaði á árinu vegna breytinga á forsendum um framtíðaruppgjörskostnað.

Afvöxtun

Væntanlegt framtíðarsjóðstreymi fyrir tjónaskuld og iðgjaldaskuld er núvirt með áhættulausum vöxtum sem EIOPA reiknar út miðað við ávöxtunarkröfu ríkisbréfa.

Áhættuálag

Áhættuálag váttryggingaskuldar er sú fjárhæð sem félagið gerir ráð fyrir að þyrfti að greiða ef váttryggingaskuldbindingar flyttust til annars váttryggingafélags. Útreikningur á áhættuálagi

miðast við gjaldþolskröfu skv. staðlaðri formúlu og 6% fjármagnskostnað á uppgjörstímanum. Við útreikning á áhættuálagi er miðað við að eignir séu valdar þannig að markaðsáhætta viðmiðunarfyrirtækis sé núll. Gert er ráð fyrir að eftirstandandi gjaldþolskrafa fyrir viðkomandi áhættu jafnist á við tímalengd besta matsins að teknu tilliti til iðgjaldagreiðslna. Heildaráhættuálagi er síðan úthlutað á hverja váttryggingagrein þar sem úthlutunin endurspeglar framlag til gjaldþolskröfunnar.

Aðlaganir og umbreytingaráðstafanir

Félagið beitir hvorki aðlögun vegna óstöðugleika (e. volatility adjustment) né aðlögun vegna samræmingar (e. matching adjustment). Tímabundin ákvæði Solvency II um umbreytingaráðstafanir vegna vaxtaferils (e. transitional measure on the risk-free interest rates) og umbreytingaráðstafanir vegna váttryggingaskuldar (e. transitional measure on technical provisions) voru ekki í innleidd í íslensk lög og eiga ekki við.

Váttryggingaskuld í gjaldþolsmati og skv. reikningsskilum

Váttryggingaskuldin er metin skv. lögum um váttryggingastarfsemi (Solvency II) og í samræmi við reikningsskilastaðla (IFRS 17). Matið er að mestu leiti svipað en sumu leyti ólíkt þar sem munar eftirfarandi:

- Iðgjaldaskuld skv. Solvency II byggir á núvirtu framtíðarfjárstreymi og innifelur væntanlegur hagnaður í framtíðariðgjöldum sem kemur til lækkunar. Í reikningsskilum skv. IFRS 17 er ekki tekið tillit til væntanlegs hagnaðar í framtíðariðgjöldum við mat á iðgjaldaskuld í bókhaldi. Ef váttryggingasamningur er metinn íþyngjandi skv. IFRS 17 þá er tap af honum fært sem skuldbinding.
- Áhættuálag váttryggingaskuldar í gjaldþolsmati lýsir fjármagnskostnaði vegna gjaldþolskröfu á uppgjörstímanum. Það er reiknað á annan hátt en áhættuálag skv. reikningsskilum, sem lýsir óvissu miðað við 75. hundraðsmark tjónaskuldar.

Í töflunni hér að neðan er váttryggingaskuld samkvæmt fjárhagsbókhaldi og Solvency II sýnd fyrir hverja starfsgrein að frádregnum endurtryggingum þann 31.12.2024 í þús. kr.

Grein, Vörður tryggingar	Váttryggingaskuld skv. ársreikningi	Váttryggingaskuld skv. Solvency II	Munur
Sjúkrakostnaðartryggingar	12.007	11.340	-667 (-5,6%)
Örorkutrygging	1.132.773	1.099.740	-33.033 (-2,9%)
Atvinnuslysasýrtingar launþega	1.163.164	1.075.768	-87.396 (-7,5%)
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	11.258.514	11.211.801	-46.713 (-0,4%)
Frjálsar ökutækjatrýggingar	1.416.616	1.308.117	-108.499 (-7,7%)
Sjótryggingar	101.732	78.566	-23.167 (-22,8%)
Eignatrýggingar	2.355.429	2.242.878	-112.551 (-4,8%)
Ábyrgðartryggingar	1.907.283	1.795.859	-111.423 (-5,8%)
Samtals	19.347.517	18.824.067	-523.450 (-2,7%)

Grein, Vörður líftryggingar	Vátryggingaskuld skv. ársreikningi	Vátryggingaskuld skv. Solvency II	Munur
Líftrsk. m. fjárfestingaáh. líftr. taka	30.284	30.284	0 (0,0%)
Líftryggingar	411.103	278.316	-132.787 (-32,3%)
Sjúkdómatryggingar	1.497.812	991.358	-506.454 (-33,8%)
Örorkutrygging	215.209	187.227	-27.983 (-13,0%)
Samtals	2.154.409	1.487.185	-667.223 (-31,0%)

Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld

Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld er sá hluti besta matsins sem félagið gerir ráð fyrir að fá frá endurtryggjendum í samræmi við endurtryggingasamninga. Útreikningurinn er gerður sérstaklega fyrir tjónaskuld og iðgjaldaskuld og er mjög svipaður skv. Solvency II og IFRS 17. Samkvæmt Solvency II er áhættuálag að fráðregnum endurtryggingum en skv. IFRS 17 er áhættuálag reiknað brúttó af endurtryggingum og hlutdeild endurtryggjenda.

Fyrir tjónaskuld samanstendur hlutur endurtryggjenda aðallega af áætlunum eins og áður hefur komið fram. Í einsleitum áhættuflokkum þar sem meðalahlutdeild endurtryggjenda er veruleg er hlutdeild endurtryggjenda í ótilkynntum tjónum einnig metin sérstaklega. Fyrir iðgjaldaskuld er hlutdeild endurtryggjenda metin ef um hlutfallslega endurtryggingu er að ræða, en annars ekki.

Eftirfarandi tafla sýnir hlut endurtryggjenda skv. gjaldþolsmati þann 31.12.2024 í þús. kr.

Grein, Vörður tryggingar	Vátryggingaskuld	Hlutur endurtryggjenda	Vátryggingaskuld að fráðregnum endurtryggingum
Sjúkrakostnaðartryggingar	11.340	0	11.340
Örorkutrygging	1.099.740	0	1.099.740
Atvinnuslysatryggingar launþega	1.075.768	51.260	1.024.508
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	11.211.801	10.994	11.200.807
Frjálsar ökutækjatrýggingar	1.308.117	0	1.308.117
Sjótryggingar	78.566	0	78.566
Eignatryggingar	2.242.878	217.602	2.025.276
Ábyrgðartryggingar	1.795.859	19.181	1.776.679
Samtals	18.824.067	299.036	18.525.031

Grein, Vörður líftryggingar	Vátryggingaskuld	Hluttur endurtryggjenda	Vátryggingaskuld að fráðregnum endurtryggingum
Liftrsk. m. fjárfestingaáh. liftr.taka	30.284	0	30.284
Líftryggingar	278.316	11.658	266.658
Sjúkdómatryggingar	991.358	76.394	914.965
Örorkutrygging	187.227	85.156	102.071
Samtals	1.487.185	173.208	1.313.977

Óvissa í mati vátryggingaskuldar

Endanlegur kostnaður við uppgjör vátryggingaskuldar er óviss, sem stafar af frávikum um tíðni eða tjónastærðum miðað við þær forsendur sem matið byggir á. Óvissa getur verið vegna breytileika í tjónstíðni eða tjónsfjárhæðum. Tryggingafræðileg líkön fela einnig í sér óvissu.

Endanlegt uppgjör iðgjaldaskuldar getur reynst dýrar vegna tíðari tjóna eða hærri tjónsfjárhæða. Einnig geta frávik á brottfalli vátryggingataka haft áhrif á endanlegan uppgjörskostað. Óvissa tjónaskuldar er vegna breytileika í uppgjöri á kröfum. Uppgjörstími vátryggingakrafna er breytilegur eftir tegundum. Ef uppgjörstími krafna er stuttur og meðaltjónakostnaður lágur er óvissa að jafnaði minni en ef uppgjörstími er lengri og meðaltjónakostnaður er hár. Sjá nánar umfjöllun um vátryggingaáhættu í kafla C.1.

Óvissu í tjónaskuld má tákna á ýmsa vegu. Um 10% líkur eru á því að uppgjörskostnaður tjónaskuldar hækki um meira en 10% hjá Verði tryggingum og um 25% líkur eru á því að uppgjörskostnaður tjóna hækki um meira en 10% hjá Verði líftryggingum.

D.3 Aðrar skuldbindingar

Vegna ólíkra aðferða við útreikning á vátryggingaskuld skv. Solvency II og í reikningsskilum leiðir það til breytilegs mats á útreikningi frestaðrar skattskuldar eða skatteignar í Solvency II samanborið við reikningsskil. Að jafnaði hefur ekki verið mikill munur á matsaðferðum frestaðrar skattskuldbindingar eða skatteignar.

Munur á mati vátryggingaskuldar leiðir til þess að frestaðar skattskuldbindingar í Solvency II eru hærri en í reikningsskilum félagsins.

Aðrar skuldbindingar eru metnar eins í Solvency II og ársreikningi.

D.4 Aðrar verðmatsaðferðir

Ekki er notast við aðrar verðmatsaðferðir en þær sem fram koma hér að ofan.

D.5 Aðrar upplýsingar

Ekki eru aðrar upplýsingar sem vert er að taka fram sem snúa að verðmatsaðferðum vegna Solvency II.

E. Eiginfjárstýring

E.1 Gjaldþol

Vörður tryggingar og Vörður líftryggingar setja sér stefnu um gjaldþol, eigið fé og arðgreiðslur til þess að tryggja nægt eigið fé og gjaldþol til þess að hlíta kröfum um lágmarksfjármagn (MCR) og gjaldþolskröfu (SCR) á sérhverjum tíma. Stefna félaganna felur í sér varfærni um að standast kröfurnar með hæfilegu öryggisálagi þannig að gjaldþolslutfall Varðar trygginga sé að jafnaði ekki undir 150% og að það fari ekki niður fyrir 135%. Vörður líftryggingar miðar við að gjaldþolslutfall sé að jafnaði 175% og að það fari ekki niður fyrir 145%.

Vörður fylgist með þróun gjaldþols, gjaldþolskröfu og gjaldþolslutfalls og hefur til staðar viðbragðsáætlun vegna versnandi fjárhagsstöðu sem er virkjuð ef staðan fer niður fyrir skilgreind viðmið.

Gjaldþol félagsins er að stærstum hluta liðir sem tilheyra gjaldþolsþætti 1, þ.e. hlutafé, yfirverðsreikningur hlutafjár og afstemmingarvarasjóður. Gjaldþolsliðir sem tilheyra gjaldþolsþætti 1 hækka á milli ára í samræmi við breytingu á eignum umfram skuldbindingar.

Höfuðstóll víkjandi skuldabréf sem tilheyrir gjaldþolsþætti 2 hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs. Vörður greiddi ekki út ár á árinu. Gjaldþolsliðir sem tilheyra gjaldþolsþætti 3 telja ekki til gjaldþols félagsins í ár. Óveruleg nettó frestuð skatteign í útreikningum á móðurfélagsgrunni var núll við síðustu áramót en óveruleg ári áður.

Eftirfarandi tafla sýnir gjaldþol samstæðu Varðar flokkað eftir gjaldþolsþáttum í þús. kr.

Gjaldþolsliðir 31.12.2024	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutafé	1.367.812	1.367.812	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutafjár	3.122.232	3.122.232	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	9.977.582	9.977.582	0	0	0
Víkjandi skuldir	1.322.995		0	1.322.995	0
Nettó frestuð skatteign	0				0
Gjaldþol samtals	15.790.620	14.467.626	0	1.322.995	0

Gjaldþolsliðir 31.12.2023	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutafé	1.367.812	1.367.812	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutafjár	3.122.232	3.122.232	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	5.741.948	5.741.948	0	0	0
Víkjandi skuldir	1.262.754		0	1.262.754	0
Nettó frestuð skatteign	0				0
Gjaldþol samtals	11.494.746	10.231.992	0	1.262.754	0

Eftirfarandi tafla sýnir gjaldþol Varðar trygginga flokkað eftir gjaldþolsþáttum í þús. kr.

Gjaldþolsliðir 31.12.2024	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	500.000	500.000	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.122.232	3.122.232	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	10.621.030	10.621.030	0	0	0
Vikjandi skuldir	1.322.995		0	1.322.995	0
Nettó frestuð skatteign	0				0
Gjaldþol samtals	15.566.256	14.243.262	0	1.322.995	0

Gjaldþolsliðir 31.12.2023	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	1.367.812	1.367.812	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutfjár	3.122.232	3.122.232	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	5.704.769	5.704.769	0	0	0
Vikjandi skuldir	1.262.754		0	1.262.754	0
Nettó frestuð skatteign	250.158				250.158
Gjaldþol samtals	11.707.725	10.194.813	0	1.262.754	250.158

Eftirfarandi tafla sýnir gjaldþol Varðar líftrygginga flokkað eftir gjaldþolsþáttum. Gjaldþol Varðar líftrygginga tekur tillit til áætlunar um arðgreiðslu miðað við síðustu áramót í þús. kr.

Gjaldþolsliðir 31.12.2024	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	500.000	500.000	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutfjár	55.554	55.554	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	1.242.385	1.242.385	0	0	0
Vikjandi skuldir	0		0	0	0
Nettó frestuð skatteign	0				0
Gjaldþol samtals	1.797.939	1.797.939	0	0	0

Gjaldþolsliðir 31.12.2023	Samtals	Þáttur 1 - án takmarkana	Þáttur 1 - með takmörkunum	Þáttur 2	Þáttur 3
Hlutfé	500.000	500.000	0	0	0
Yfirverðsreikningur hlutfjár	55.554	55.554	0	0	0
Afstemmingarvarasjóður	1.289.554	1.289.554	0	0	0
Vikjandi skuldir	0		0	0	0
Nettó frestuð skatteign	0				0
Gjaldþol samtals	1.845.108	1.845.108	0	0	0

Mismunur á eignum umfram skuldbindingar skv. gjaldþolsmati og eigin fé skv. reikningsskilum leiðir af mismun í mati á eignaliðum og skuldbindingum eins og rakið hefur verið í köflum D.1 um eignir, D.2 um vátryggingaskuld og D.3. um aðrar skuldbindingar. Gjaldþol, til að mæta gjaldþolskröfu skv. gjaldþolsmati, byggir á leiðréttu eiginfé, þ.e. bókfært eigið fé að frádregnum óefnislegum eignum (viðskiptavild) og hugbúnaði, væntanlegum arðgreiðslum og að teknu tilliti til leiðréttinga vegna Solvency II reglna um mat á eigin vátryggingaskuld og reiknaðra skatta.

Eftirfarandi tafla sýnir eignir umfram skuldbindingar samkvæmt gjaldpólsmati og eigið fé í reikningsskilum í milljónum kr.

Eignir umfram skuldbindingar og eigið fé 31.12.2024	Gjaldpólsmat	Reikningsskil
Eignir	39.004	38.855
þar af frestuð skatteign	0	0
Skuldbindingar	24.536	25.076
þar af frestuð skattskuldbinding	165	27
Eignir umfram skuldbindingar / eigið fé	14.468	13.779

E.2 Gjaldpólskrafa og lágmarksgjaldpól

Gjaldpólskrafa Varðar er reiknuð samkvæmt staðalreglu í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Gjaldpólskrafa samsvarar áhættuvirði kjarnagjaldpóls miðað við 99,5% öryggisstig sem jafngildir að félagið hafi gjaldpól til að mæta áætluðu tapi atburðar, sem hafi 200 ára endurkomutíma.

Gjaldpólskrafa samstæðu Varðar sundurliðast svona, í þús. kr.;

Gjaldpólskrafa (SCR) samstæðu	2024	2023
Markaðsáhætta	5.919.732	4.991.074
Mótaðilaáhætta	1.087.429	851.474
Líftryggingaáhætta	531.335	473.035
Heilsutryggingaáhætta	1.374.418	1.373.775
Skaðatryggingaáhætta	5.610.894	5.465.538
Fjölþættingaráhrif	-4.382.364	-4.003.010
Grunngjaldpólskrafa samtals	10.141.445	9.151.886
Rekstraráhætta	605.675	545.865
Aðlögun vegna frestaðra skatta	-1.400.000	-1.595.000
Samtals gjaldpólskrafa	9.347.119	8.102.751

Félagið beitir ekki einfölduðum útreikningum fyrir undireiningar staðalreglu. Félagið notar ekki eigin stika í staðalreglu.

Aðlögun vegna frestaðra skatta byggir á mati á breytingu á virði frestaðra skatta, sem myndu leiða af skyndilegu tapi sem jafngildir grunngjaldpólskröfu og rekstraráhættu, án áhrifa taps vegna hlutabréfaeignar. Matið á aðlögun frestaðra skatta tekur tillit til hvernig tapið getur komið til frádráttar á uppsöfnuðum hagnaði til framtíðar.

Lágmarksfjármagn er reiknað í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi og taka mið af iðgjöldum næstliðins árs að teknu tilliti til lágmarks- og hámarksfjárhæða sem miða við 25% og 45% af gjaldpólskröfu

E.3 Notkun á undireiningu hlutabréfaáhættu sem byggir á líftíma

Vörður notar ekki undireiningu sem byggist á líftíma í útreikningum á gjaldpólskröfu undireiningar hlutabréfaáhættu (e. duration-based equity risk sub-module).

E.4 Mismunur milli staðalreglunnar og sérhvers eigin líkans sem notað er

Vörður notar ekki eigið líkan við útreikninga á gjaldpólskröfu.

E.5 Vanefndir við að hlíta kröfu um lágmarksfjármagn eða á gjaldpolskröfu

Vörður hlítti kröfum um lágmarksfjármagn og gjaldpolskröfu án nokkurra frávika.

E.6 Aðrar upplýsingar

Umfjöllun um eiginfjárstýringu hér að framan er tæmandi og ekki þörf á að koma á framfæri viðbótarupplýsingum um efnið.



Vörður tryggingar . Borgartúni 19 . 105 Reykjavík . www.vordur.is